

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Dalland, L123625, nýtt deiliskipulag – L527.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er sunnan Nesjavallavegar í námunda við Hafravatnsveg og er um 6 ha að stærð. Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja eitt íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu og ylræktarhús. Heildarbyggingarmagn á landinu er 1500 m².

Lokahús milli Völu- og Viðiteigs, nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér að skilgreind er ný 446 m² lóð fyrir lokahús vatnsveitunnar. Heimilt er að reisa allt að 70 m² mannvirki, hámarksænishæð er 3,5 m. Aðkoma verður um stíga frá Völuteig.

Laxatunga 109-115, deiliskipulagsbreyting – Íb104.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér breytt lóðamörk og -stærðir að Laxatungu 109 og 111. Einnig eru breytingar á byggingarreit og lóðamörkum raðhúss 111-115.

Álanesskógur við Álafosskvos, deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér stækkun á mörkum deiliskipulags Álafosskvosar um Álanesskóg. Markmiðið er að skilgreina frekar áætlanir og heimildir til framkvæmda, grisjunar og viðhalds skógarins.

Korputún 1-11 og 2-8, deiliskipulagsbreyting – VP/AT128.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur sér sameiningu reita A og B (Korputún 1-11) auk þess sem gerðar eru breytingar á byggingarreitum á A-B og reit D (Korputún 2-8). Einnig eru gerðar uppfærslur á byggingarmagni viðkomandi reita.

Langitangi 11-13, deiliskipulagsbreyting – Íb120.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að aðlaga byggingaráform betur aðstæðum lands og lóðar. Íbúðum er fjölgað um 16, byggingarmagn ofanjarðar er minnkað og heimildir auknar í bílakjallara. Í stað tveggja fjölbýla er byggingarkroppum skipt upp í þrennt, þeir færðir fjær byggð við Hamraborg, hæð hluta bygginga er lækkuð, skilmálar settir um stiga- og lyftukjarna auk nýrra ákvæða um hönnun og uppbrot húsa. Tenging lóðar við Langatanga er endurskoðuð, innkeyrsla bílakjallara færð og skilmálar fyrir bílastæði uppfærðir.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 28. október 2024.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.